



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Skólagerði 47

Kynning á byggingarleyfi

Umsögn skipulagsdeildar

Forsendur
Ferill málsins
Athugasemdir og umsagnir
Niðurstaða

DBV/DAGS.15.10.2024
One:2406336

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

1) Forsendur

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019 til 2040 staðfest 28. desember 2021 er gert ráð fyrir íbúðarbyggð á umræddu skipulagssvæði.

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir umrætt svæði.

Sótt var um byggingarleyfi fyrir stakstæðum bílskúr með geymslu inn af á austurhluta lóðarinnar við Skólagerði 47. Skólagerði 47 og 49 er parhús. Sambærileg bílageymsla er til staðar við Skólagerði 49. Einnig var sótt um leyfi fyrir breytingum á húsinu. Húsið er parhús og eru báðar íbúðirnar í eigu sama aðila.

Ekkert deiliskipulag er til fyrir svæðið en skv. lóðablöðum er heimilt að reisa sambærilegar bílageymslur á nærliggjandi lóðum.

Samþykki liggur fyrir frá lóðarhafa á aðliggjandi lóð.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, staðfest 28. desember 2021, kafla 2.1.1. eru sett fram viðmið um nýtingarhlutfall en fyrir rað- og parhús er miðað við að hlutfallið sé á bilinu 0,35-0,60.

Nýtingarhlutfallið án bílskúrs er $222 / 419 = 0,52$

Nýtingarhlutfall með 52,8 fm bílskúr verður $273,1 / 419 = 0,65$ og fer því lítillega yfir viðmið rammaákvæðis aðalskipulags með þessum bílskúr.

Þar sem dæmi eru á nærliggjandi lóðum um sambærilegar bílageymslur í bakgörðum í nágrenni umrædds parhúss, er þessi breyting ekki úr takti við aðliggjandi lóðir, þó er nýtingarhlutfallið **hærra** en önnur hús á nærliggjandi lóðum eða 0,65. Skólagerði 49 er 0,63.

2) Ferill máls

Á fundi skipulagsráðs Kópavogs þann 19. Ágúst 2024 var samþykkt með tilvísun í 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn lóðarhafa lóðarinnar nr. 47 við Skólagerði fyrir lóðarhöfum lóðanna nr. nr. 38, 40, 41, 43, 45, 49, 51, 53 og 55 við Skólagerði og nr. 60, 62 og 64 við Borgarholtsbraut.

Grenndarkynning var send bréfleiðis þann 5. september 2024 til ofangreindra lóðarhafa ásamt því að hún var birt á vefsíðu Kópavogs og í Skipulagsgátt. Kynningartíma lauk þann 14. október.

3) Athugasemdir og ábendingar. Umsagnir

Á kynningartíma bárust athugasemdir og ábendingar frá:

1. Kristínu Sverrisdóttur, Skólagerði 45
2. Rafni Árnasyni, Borgarholtsbraut 62
3. Fausto Bianchi Skólagerði 38
4. Hildi Höllu Gylfadóttur, Skólagerði 43

1. Nafn Kristín Sverrisdóttir Heimilisfang Skólagerði 45

1.1

2: sýnist bílskúrin eitt hvað eiga að vera hærri en lagt var upp með, eins og gæti endað á tveimur hæðum miðað við "holuna" sem búið er að grafa.

Hver fylgist með því að svo verði ekki þegar leyfi verður gefið !!

3: miðað við mannfjöldann sem byr í hinu húsinu hans gæti þetta endað í MÖRGUM litlum íbúðum sem þýðir margir bilar og heimilisrusl (sem hann nú þegar er að brenna og gefur frá þeim vonda lykt ásamt reyk)

Við fögnum viðgerðum og að húsið fái goða "mynd" en efast um /með endanlega niðurstöðu ...og sendi því þetta bréf sem ég vona að lendi í réttum bunka og að þessum framkvæmdum verði fylgt vel eftir.

Umsögn 1.1

Sótt er um leyfi fyrir 52 fm bílskúr á einni hæð ásamt breytingum á núverandi húsnæði. Það er hlutverk byggingarfulltrúa að gera úttektir á mannvirki í byggingu og tryggja að þær séu í samræmi við samþykktar teikningar. Samkvæmt 1. Mgr. 9. Gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 er óheimilt að breyta mannvirki eða notkun þess, útliti eða formi nema að fengnu leyfi byggingarfulltrúa.

Athugasemdir sem varða annað en skipulag húsnæðisins hafa verið sendar á umhverfisfulltrúa og byggingarfulltrúa Kópavogsbæjar.

2. Nafn Rafn Árnason Heimilisfang Borgarholtsbraut 62

2.1

Bílskúr. Við setjum okkur á móti því að bílskúr verði stærri og því ekki í samræmi við bílskúr í Skólagerði 49. Allar líkur eru á að um framtíðaríbúð er að ræða og þar með bílskúr teiknaður stærri en sá sem fyrir er.

Húsráðandi, og eigandi, í Skólagerði 49, (hér eftir nefndur eigandi) hefur tjáð nágrönnum að hann ætli að breyta Skólagerði 47 í **3 íbúðir**. Maður veltir þá vöngum yfir því hvernig hann hyggst leysa bifreiðastæðamál samhliða því.

Eins og sjá má að ofan þá setjum við okkur alfarið á móti kynntum framkvæmdum og breytingum á Skólagerði 47 (sem hafa þó að megninu farið fram). Helstu rök okkar eru þau að við erum ekki að sjá að eigandi geti með sannarlegum, og snyrtilegum hætti, fylgt þeim lögum og reglum er allt ofangreint varðar.

Umsögn 2.1

Bílskúrin sem sótt er um er 52,8fm.

Flatarmál bílskúrs í nr. 49 er 43fm.

Nær allstaðar í gördum í grenndinni eru bílskúrar af svipuðu tagi og sótt er um. Bílskúr á þessum stað er ekki úr takti við það sem er fyrir er í nágrenninu.

Samkvæmt fasteignaskrá er ein íbúð á lóðinni og ekki er sótt um að fjölga íbúðum. Það er hlutverk byggingarfulltrúa að sjá til þess að notkun fasteignar sé í samræmi við gildandi aðaluppdrætti berist kvartanir um slíkt. Athugasemdir sem varða annað en skipulag húsnæðisins hafa verið sendar á umhverfisfulltrúa og byggingarfulltrúa Kópavogsbæjar. Einnig hefur Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes (HEF) verið tilkynnt um málið.

3. Fausto Bianchi

Heimilisfang Skólagerði 38

3.1

Við í Skólagerði 38, 2 hæð viljum gera athugasemdir vegna breytinga og stækkunar á íbúðarhúsnæði við Skólagerði 47 ásamt byggingu bílskúrs við eignina. Áður en að gefa leyfi fyrir 52.8 fermetra bílskúr væri æskilegt að taka út þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar á fasteigninni að Skólagerði 47, samkvæmt íslenskum byggingareglum.

Við viljum að þið athugið að þar sem er teiknaður gluggi nálægt útihurð á 2. hæð, að það sé örugglega gluggi en ekki önnur hurð. Einnig þyrfti að koma skýrt fram hversu margar íbúðir koma til með að vera staðsettar að Skólagerði 47, þar sem við áttum okkur ekki alveg á teikningum. Með fjölgun á íbúðum munu fylgja fleiri bílar. Þessi athugasemd tengist fjölda bíla sem ekki er gert ráð fyrir hvað varðar bílastæði.

Umsögn 3.1

Samkvæmt fasteignaskrá er ein íbúð á lóðinni og ekki er sótt um að fjölga íbúðum. Það er hlutverk byggingarfulltrúa að sjá til þess að notkun fasteignar sé í samræmi við gildandi aðaluppdrætti berist kvartanir um slíkt. Athugasemdir sem varða annað en skipulag húsnæðisins hafa verið sendar á umhverfisfulltrúa og byggingarfulltrúa Kópavogsbæjar.

4. Nafn Hildur Halla Gylfadóttir Heimilisfang Skólagerði 43

4.1

Það er einnig undarlegt að það sé fyrst núna sem óskað er eftir leyfi fyrir þeim ólöglegu framkvæmdum sem hafa orðið á burðarvirki og ytra útliti hússins og virðist sem þær hafi algjörlega farið framhjá byggingareftirliti Kópavogsbæjar.

Miðað við núverandi búsetuform í Skólagerði 49 sem er í eigu sama aðila má teljast líklegt að ætlunin sé að koma sem flestum leigjendum og leigurýmum fyrir í umræddu húsnæði og í fyrirhugaðri bifreiðageymslu. Þetta skapar vanda, því með fleira fólki er meiri umferð, fleiri bílar og meira ónæði. Miðað við núverandi ástand er erfitt að fá bílastæði í götunni fyrir íbúa og gesti þeirra. Nú þegar nær eigandi í Skólagerði 47/49 ekki að útvega öllum sínum leigjendum bílastæði og ekki mun það batna þegar fleiri íbúðir/leigjendur koma á sama stað. Þetta hefur í för með sér mikinn glundroða í bílastæðamálum í Skólagerði.

Frágangur og umgengni á lóð og framkvæmdasvæði við Skólagerði 47 hefur verið verulega ábótavant á 3ja ár og öryggis og umgengnissjónarmið virt að vettugi t.d opnir grunnar og holur án nokkurra varna eða lýsingar. Til að bæta gráu ofan á svart hefur eigandi Skólagerðis 47/49 stundað að brenna rusli og byggingarúrgangi í garði sínum í þar til gerðu eldstæði nágrönnum hans til ama. Grípa hefur þurft til þess að loka gluggum vegna ólyktar.

Umsögn 4.1

Samkvæmt fasteignaskrá er ein íbúð á lóðinni og ekki er sótt um að fjölga íbúðum. Það er hlutverk byggingarfulltrúa að sjá til þess að notkun fasteignar sé í samræmi við gildandi aðaluppdrætti berist kvartanir um slíkt. Athugasemdir sem varða annað en skipulag húsnæðisins hafa verið sendar á umhverfisfulltrúa og byggingarfulltrúa Kópavogsbæjar.

ATH. Fyrir mistök bárust íbúum í Skólagerði 43 ekki grenndarkynningin. Þrátt fyrir það hafa þau sent inn þessa athugasemd í skipulagsgáttinni. Haft var samband við þau við lok grenndarkynningar og þeim boðinn lengri frestur ef þau vildu bæta einhverju við þessa athugasemd. Fresturinn var afþakkaður með þeim orðum að þau hefðu komið öllu frá sér sem þau vildu.

4) Niðurstaða umsagnar

Sótt er um leyfi til þess að stækka íbúðarhús um 16,1 fm, breytingar og lagfæringar á útitröppum og að reisa stakstæðan 52,8 fm bílskúr á lóðinni við Skólagerði 47.

Nýtingahlutfall húsa í grenndinni eru á bilinu 0,30 - 0,63 og meðaltal nýtingarhlutfalls þeirra er 0,45 en yrði eftir breytingu 0,46

Í rammaákvæðum aðalskipulags Kópavogs er viðmið um nýtingarhlutfall fyrir parhús 0,35-0,6 og skal byggingarmagn á lóð, hvort sem er um að ræða nýbyggingu eða aukið nýtingarhlutfall á lóð, að jafnaði ekki vera hærra en meðaltals- nýtingarhlutfall nærliggjandi húsa. Nýtingarhlutfallið á lóðinni færi upp í 0,65.

Bílageymslan yrði ekki hærri en aðrir skúrar í grenndinni og myndi hann ná að byggingarlínu sem dregin er á milli bílageymsla.

NR. X=Hnit Y=Hnit

25	357201,02	404329,43
26	357212,41	404328,49
27	357222,33	404327,67
28	357232,96	404326,78
29	357243,32	404326,02
30	357263,56	404324,47
31	357273,82	404323,57
32	357284,78	404322,83
33	357281,13	404284,49
34	357270,37	404285,07
35	357267,91	404285,20
36	357267,96	404285,88
37	357260,44	404286,46
38	357244,67	404287,83
39	357240,22	404288,16
40	357229,86	404288,68
41	357219,75	404289,36
42	357219,34	404289,39
43	357209,59	404290,16
44	357197,89	404291,09
45	357194,31	404291,38
46	357193,76	404283,18
47	357191,79	404253,71
48	357216,83	404251,77
49	357219,17	404282,00
50	357241,82	404249,89
51	357265,11	404248,11
52	357220,70	404307,79

Skólagerði

Borgarholtsbraut

Merkið kvæð um staðsetningu bíllastæða inni á 165.

Merkið kvæð um lagnir og grófrætti.

Kópavogsbær umhverfissvið
Mæliblað



Skólagerði 47-59
Borgarholtsbraut 64-68

Miv. 1:500
Daglig samþ. M. I.J.
R.
T. S.L.
2022.18.54 18.54

Löðir mældar upp og endurrekinnar.


A3

Samþykktir aðaluppdrættir



Athugasemdir frá nágrönnum úr skipulagsgátt:

Frá Kristínu Sverrisdóttur Skólagerði 45:



Frá Rafni Árnasyni Borgarholtsbraut 62:

Kópavogi, 13.10.2024 Skólagerði 47, svar við kynningu á byggingarleyfisumsókn. Góðan dag, maður veltir vöngum yfir því hvort höfnun og/eða neitun sé í boði, sem svar við þessari umsókn? Umræddar breytingar hafa nú þegar að mestu farið fram – auk annarra stórtækra

útlitsbreytinga á Skólagerði 47, sem við getum ekki séð að sé tilgreint í kynningu þessari. Framkvæmdir þegar hafnar/kláraðar Breytingar og lagfæringar á tröppum á norðurhlið hússins – hafa nú þegar verði framkvæmdar. Tröppurnar eru nú í sveig – en voru áður beinar. Tröppurnar hafa verið gerðar samstæðar við tröppur sem húsráðandi í Skólagerði 49 gerði fyrir nokkrum árum. Vitum ekki hvort tilskilin leyfi voru fyrir hendi þegar það var framkvæmt, en það kemur máli þessu ekki við. Bílskúr. Við setjum okkur á móti því að bílskúr verði stærri og því ekki í samræmi við bílskúr í Skólagerði 49. Allar líkur eru á að um framtíðaríbúð er að ræða og þar með bílskúr teiknaður stærri en sá sem fyrir er. Húsráðandi, og eigandi, í Skólagerði 49, (hér eftir nefndur eigandi) hefur tjáð nágrönnum að hann ætli að breyta Skólagerði 47 í 3 íbúðir. Maður veltir þá vöngum yfir því hvernig hann hyggst leysa bifreiðastæðamál samhliða því. Nú þegar hefur eigandi látið breyta og/eða stækka flesta glugga á húsinu. Allir gluggar á suðurhlið hafa verið stækkaðir, og eru nú gólfsíðir. Einnig hefur hann breytt gluggum á norðurhlið, fyllt upp í gluggagöt sem fyrir voru og stækkað aðra glugga. Fáum ekki séð að óskað sé leyfis fyrir þeim breytingum í þessari grenndarkynningu. Skv. byggingareglugerð nr. 441/1998, málsgrein 79.12: þegar endurnýjaðir eru gluggar eða póstar í húsum skal þess gætt að upprunalegu svipmóti hússins verði ekki breytt. Svo virðist sem eigandi hafi framlengt þak á húsinu. Sjáum ekki að þær breytingar séu tilgreindar í þessari grenndarkynningu. Samantekt framkvæmda Um miðjan apríl árið 2021 hófust framkvæmdir á Skólagerði 47. Þak var tekið af húsinu og sett nýtt – en í þeim framkvæmdum var þakið stækkað og hækkað. Brotið var úr gluggum og þeir stækkaðir á allri suðurhlið. Svalir voru einnig framlengdar/stækkaðar. Ekki var leitað til okkar með að fá leyfi fyrir neinni af ofangreindum útlitsbreytingum á húsinu. Við setjum stórar og miklar athugasemdir um aðbúnað og vinnuöryggi þeirra iðnaðarmanna sem voru þarna að verki – og má þakka fyrir að ekki hafi orðið manntjón af, í mörg skipti. Ekki var að sjá að byggingastjóri hafi haft umsjón með framkvæmdum. Er kominn byggingastjóri sem hefur yfirumsjón með verkinu? Aðstæður iðnaðarmanna varðandi vinnuöryggi, aðbúnað eða annað breyttust ekki sumarið 2022 - og ekkert sást til þeirra við vinnu í húsinu eftir sumarið. Sannarlega getum við fært rök fyrir máli okkar, þó haldþærar sannanir fylgi ekki máli þessu. Ekki hefur verið sjáanlega unnið í húsinu, að utanverðu, síðan í haustbyrjun 2022. Eigandi hefur þó ekki séð sóma sinn í að farga því rusli og drasli, sem til féll við ofangreindar framkvæmdir. Í suðurgarði má m.a. ennþá sjá svalahurð frá fyrri húsráðanda sem og hurðakarma og annað drasl & rusl. Lóðamál Það sem við setjum okkur stórlega uppá móti varðandi allar þessar framkvæmdir er frágangur og förgun á sorpi - og öðru því sem til fellur við framkvæmdir. Eigandi hefur ítrekað sett rusl í kamínu og brennt það með tilheyrandi óþrifnaði, ólykt og ónæði fyrir íbúa hverfisins. Kamínan er staðsett á lóðamörkum, við lóð okkar. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og beiðnir okkar, til eiganda, er varða að færa kamínuna og láta af þessum gjörðum sínum virðir hann þær óskir okkar af vettugi. Eigandi segist þurfa að brenna mikið af rusli þar sem það sé svo dýrt að farga því á viðeigandi hátt í Sorpu. Sjá má bókað hjá slökkviliði og lögreglu útkall í Skólagerði 49, vegna bruna. Þar hafði ruslförgun farið úr böndunum og eldur náð að læsa sig í nærliggjandi timbur. Þess má geta að þetta er sama dag og fulltrúar heilbrigðiseftirlits komu þangað vegna tilkynninga um bruna. Eigandi er nú með þrjár, sýnilega óökufærar, bifreiðar sem staðið hafa á lóðinni við Skólagerði 47 síðan í amk júní 2023. Fyrst var um eina bifreið að ræða og síðar hafa tvær bæst við. Suðurgarður við Skólagerði 47 virðist því helst vera nýttur til að geyma rusl og timbur sem á að brenna í áðurnefndri kamínu á næstu mánuðum/árum. Við hvetjum ykkur, sem þetta lesið, að líta við. Sjón er sögu ríkari. Þrátt fyrir að hafa ekki haft það á stefnuskránni strax að girða á milli garða okkar, þá neyddumst við til þess. Við erum með ung börn og slysaþættan, við það að mögulega detta á draslið í garðinum við Skólagerði 47, neyddi okkur til þess að girða garðinn okkar af. Þegar við höfðum nýlokið við að girða, okkar megin, þá ákvað eigandi að mæta með hamar, nagla, skrúfur og vírnet. Þetta notaði hann til að búa til hæsnagerði í garði sínum – og skrúfaði festingar fyrir vírinn í

gegnum okkar girðingu. Þetta olli nokkrum skemmdum og útstæðar skráfur bjuggu til mikla slysa hættu fyrir lítil börn við leik. Skv samþykkt um um hæsnahald í Kópavogi, frá 7. febrúar 2017; 2. gr. c liður: eigandi fékk aldrei heimild frá okkur til að halda þessi hænsni og alls ekki leyfi til þess að skrúfa festingar fyrir hæsnabú utan í girðinguna, sem stendur á okkar lóð. Tilheyrandi óþrifnaður og ólykt sem berst frá þessari hæsnastíu er ólýsanleg. Ítrekað höfum við heyrt hanagal frá garðinum og tilkynnt það til viðeigandi stofnanna. 3. gr.: hænsnin voru ítrekað að koma fljúgandi yfir í okkar garð með tilheyrandi ónæði fyrir okkur og okkar börn. Ólyktin var það mikil í bakgarði okkar (norðurgarði), sem hæsnagerðið liggur upp við, að á góðum degi var líkt og nálykt stigi upp frá hæsnunum. Ekki var verandi í bakgarðinum okkar fyrir börn að leika sér. Ítrekað ráku undirrituð augun í að húsráðendur voru að koma með matarafganga og sturta inn til hæsnanna. 7. gr.: ekki hefur eigandi kofa fyrir hænsnin, heldur heimagert hæsnagerði – opið að ofan. Mávarnir hafa legið hér yfir sveimandi í leit að fæði – bara ógeðslegt, afsakið óheflað málfar. Ekki getum við séð að þetta sé meindýrahelt og alls ekki er þetta 3 metra frá lóðamörkum. Eins og sjá má að ofan þá setjum við okkur alfarið á móti kynntum framkvæmdum og breytingum á Skólagerði 47 (sem hafa þó að megninu farið fram). Helstu rök okkar eru þau að við erum ekki að sjá að eigandi geti með sannarlegum, og snyrtilegum hætti, fylgt þeim lögum og reglum er allt ofangreint varðar.

Frá Fausto Bianchi Skólagerði 38

Komið þið sæl

Við í Skólagerði 38, 2 hæð viljum gera athugasemdir vegna breytinga og stækkunar á íbúðarhúsnæði við Skólagerði 47 ásamt byggingu bílskúrs við eignina.

Áður en að gefa leyfi fyrir 52.8 fermetra bílskúr væri æskilegt að taka út þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar á fasteigninni að Skólagerði 47, samkvæmt íslenskum byggingareglum.

Við viljum að þið athugið að þar sem er teiknaður gluggi nálægt útihurð á 2. hæð, að það sé örugglega gluggi en ekki önnur hurð.

Einnig þyrfti að koma skýrt fram hversu margar íbúðir koma til með að vera staðsettar að Skólagerði 47, þar sem við áttum okkur ekki alveg á teikningum. Með fjölgun á íbúðum munu fylgja fleiri bílar. Þessi athugasemd tengist fjölda bíla sem ekki er gert ráð fyrir hvað varðar bílastæði.

Virðingarfyllt

Fausto Bianchi

Frá Hildi Höllu Gylfadóttur Skólagerði 43

Í fyrsta lagi ber að nefna að við, íbúar í Skólagerði 43 fengum aldrei sendar til okkar grenndarkynningu á þessari byggingarleyfisumsókn líkt og aðrir nágrannar okkar.

Við fréttum í gegnum nágranna um þessa grenndarkynningu og að hægt væri að nálgast hana á skipulagsgáttinni. Við veltum því óneitanlega fyrir okkur hvort einhverjir aðrir sem að málinu koma hafi einnig engar upplýsingar fengið.

Það er einnig undarlegt að það sé fyrst núna sem óskað er eftir leyfi fyrir þeim ólöglegu

framkvæmdum sem hafa orðið á burðarvirki og ytra útliti hússins og virðist sem þær hafi algjörlega farið framhjá byggingareftirliti Kópavogsbæjar.

Miðað við núverandi búsetuform í Skólagerði 49 sem er í eigu sama aðila má teljast líklegt að ætlunin sé að koma sem flestum leigjendum og leigurýmum fyrir í umræddu húsnæði og í fyrirhugaðri bifreiðageymslu. Þetta skapar vanda, því með fleira fólki er meiri umferð, fleiri bílar og meira ónæði. Miðað við núverandi ástand er erfitt að fá bílastæði í götunni fyrir íbúa og gesti þeirra. Nú þegar nær eigandi í Skólagerði 47/49 ekki að útvega öllum sínum leigjendum bílastæði og ekki mun það batna þegar fleiri íbúðir/leigjendur koma á sama stað. Þetta hefur í för með sér mikinn glundroða í bílastæðamálum í Skólagerði.

Frágangur og umgengni á lóð og framkvæmdasvæði við Skólagerði 47 hefur verið verulega ábótavant á 3ja ár og öryggis og umgengnissjónarmið virt að vettugi t.d opnir grunnar og holur án nokkurra varna eða lýsingar. Til að bæta gráu ofan á svart hefur eigandi Skólagerðis 47/49 stundað að brenna rusli og byggingarúrgangi í garði sínum í þar til gerðu eldstæði nágrönnum hans til ama. Grípa hefur þurft til þess að loka gluggum vegna ólyktar.